



## Reglur um úthlutun verkefnastyrkja á sviði umhverfis- og auðlindamála

### 1. gr.

#### *Tilgangur.*

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir árlega styrki til verkefna sem falla undir málefnasvið þess, sbr. forsetaúrskurð nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Heildarfjárhæð styrkja er samkvæmt heimild í fjárlögum hverju sinni.

### 2. gr.

#### *Styrkhæfi verkefna.*

Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna til eins árs í senn. Í þeim tilvikum þar sem verktími er lengur en eitt ár er heimilt að veita árlegan styrk til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni.

Hver einstakur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en nemur 10% af heildarfjárheimild hvers árs.

Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem eru á fjárlögum eða falla undir sjóði og sérstaka samninga. Þá eru ekki veittir styrkir til reksturs félagasamtaka. Ekki er heimilt að veita styrki til verkefna sem hafa fjárhagslegan ávinning að markmiði fyrir umsækjanda. Hvorki er veittur styrkur fyrir meistaraþrófs- eða doktorsverkefni né rannsókna- eða vöktunarverkefni sem falla undir lögbundin verkefni stofnana ríkisins. Þá eru ekki veittir styrkir fyrir nefndarsetu.

### 3. gr.

#### *Starfshópur.*

Starfshópur ráðuneytisins metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefnasvið ráðuneytisins almennt. Starfshópurinn skal hafa hliðsjón af stjórnáslögum nr. 37/1993 við úthlutun styrkja.

### 4. gr.

#### *Auglýsingar.*

Ráðuneytið auglýsir í október ár hvert eftir umsóknum um verkefnastyrki á vef ráðuneytisins.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, sbr. reglum þessum, tímafresti og leiðbeiningar um hvar og hvernig skuli sækja um.

Ákveði ráðuneytið að leggja áherslu á ákveðin mál við úthlutun styrkja á málefnasviði sínu skal það koma fram í auglýsingu.



5. gr.

*Umsóknir.*

Umsækjendum er gert að sækja um styrki með rafrænum hætti. Umsókn skal fela í sér greinargóða lýsingu á verkefninu, hvert markmið þess er og hvernig árangur þess verður metinn. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a. upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru,
- b. nafn þess sem annast samskipti við ráðuneytið, netfang og símanúmer,
- c. nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir málefnasvið ráðuneytisins,
- d. tíma- og verkáætlun,
- e. fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram sundurliðaðar upplýsingar um tekjur og áætlaðan kostnað, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um,
- f. staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

Heimilt er að hafna að taka umsóknir til umfjöllunar sem ekki berast innan tilskilins tímafrests, ekki eru á rafrænu formi og skilað án umbeðinna fylgigagna.

Hafi umsækjandi áður hlotið verkefnastyrk frá ráðuneytinu þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn verði tekin til meðferðar.

6. gr.

*Mat á umsóknum.*

Við mat á umsóknum skal m.a. taka tillit til eftirtalinnna sjónarmiða, eftir því sem við á:

- a. hvort verkefni falli að skilgreindum áherslum eins og þær eru auglýstar hverju sinni,
- b. um gildi og mikilvægi verkefnis og mögulegan ávinning fyrir aðra aðila,
- c. hvort markmið verkefnis séu skýr, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verður metinn,
- d. hvort verkefnið sé byggt á faglegum grunni,
- e. eigið framlag umsækjanda eða annarra til verkefnisins,
- f. fjárhagsgrundvöll verkefnis.

Við mat á umsóknum er starfshópnum heimilt að leita umsagnar fagaðila, telji hann þess þörf.

7. gr.

*Úthlutun og skilmálar.*

Starfshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Við móttöku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjöri. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru sérstaklega tilgreindir í úthlutunarbréfi

*Handwritten signature*



eða samningi. Í þeim tilvikum þar sem verkefni eru styrkt til lengri tíma en eins árs skal gerður um það samningur, með fyrirvara um heildarfjárhæð styrkja samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Úthlutun verkefnastyrkja fer fram eigi síðar en 31. janúar ár hvert. Ráðuneytið birtir nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks á vef sínum.

8. gr.

*Upplýsingagjöf og skýrslur.*

Styrkþega er skylt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal senda ráðuneytinu greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur.

Ljúki verkefni ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal ráðuneytið upplýst um stöðu verkefnisins fyrir árslok.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

9. gr.

*Kynningarefni tengt verkefni.*

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

10. gr.

*Endurkröfuréttur ráðuneytisins.*

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en tilgreint er í umsókn eða ef skilmálar skv. 7. gr. og 8. gr. eru ekki uppfylltir, teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi endurgreiða ónýttan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ónýttan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. nóvember 2019.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Stefán Guðmundsson